

Fréttabréf Viðskiptaráðs – 6. nóvember 2009

Áhugaverðar umræður á fundi um peningamál

Í morgun hélt Viðskiptaráð fjölsóttan morgunverðarfund á Hilton Reykjavík Nordica í tilefni af útgáfu peningamála Seðlabankans og bar fundurinn yfirskriftina *Höft og háir vextir – Er breytinga að vænta?*

Á fundinum fór Már Guðmundsson, seðlabankastjóri, yfir stöðu efnahagsmála í tilefni af útgáfu Peningamála. Finnur Oddsson, framkvæmdastjóri Viðskiptaráðs stýrði fundinum. Í pallborðsumræðu milli fulltrúa Seðlabankans og atvinnulífsins tóku þátt Þórður Friðjónsson, forstjóri NasdaqOMX Ísland, Vilhjálmur Þorsteinsson, stjórnarformaður CCP, Tómas Már Sigurðsson, forstjóri Alcoa Fjarðaáls og formaður Viðskiptaráðs, Margrét Guðmundsdóttir, forstjóri Icepharma og Þórarinn G. Pétursson, aðalhafþingur Seðlabankans.

Í máli Seðlabankastjóra kom einna hins fremst:

- Aðrir kostir en víðtæk gjaldeyrishöft hefðu sennilega verið í stöðunni hvað peningamál og fjárhagslegan stöðugleika varðar í kjölfar hruns bankanna. Sögunni yrði hins vegar ekki breytt. Höftin hefðu margvíslega kosti, en einnig galla. Vegna þess væri það ekki vilji bankans að halda í höftin mínútu lengur en þörf væri á.
- Þróun ýmissa hagvísna væri hagstæðari en áður hefði verið talið og nefndi þar minni samdrátt í landsframleiðslu og einkaneyslu, lægra skuldatryggingarálag á ríkissjóð og minna atvinnuleysi en spáð hefði verið.
- Peningastefnan sem mörkuð var árið 2001 hefði verið sú besta á þeim tíma og að stefnan hefði ekki orsakað hrunið. Framvegis þyrfti hins vegar að huga betur að nokkrum atriðum: í fyrsta lagi að Seðlabankinn hafi yfir nægum gjaldeyrisvaraforða að ráða, í öðru lagi að peningastefnan fengi meiri stuðning frá ríkisfjármálastefnunni og í þriðja lagi að beita þyrfti með virkari hætti varúðarreglum á fjármáلامarkaði.
- Eftirfylgni við efnahagsáætlun AGS skipti sköpum til að stuðla að trúverðugleika hagkerfisins, á það væru erlendir aðilar að horfa.

Í pallborðsumræðum kom m.a. fram:

- Í máli Þórðar Friðjónssonar að allar forsendur væru fyrir fyrirtæki að skrá sig á markað, en að auka þyrfti gagnsæi í atvinnulífinu og nefndi Þórður þar bankana sérstaklega, sem hann taldi að ættu að verða skráðir á markað sem fyrst.
- Í máli Tómasar Más Sigurðssonar að pólitískur stöðugleiki skipti fyrirtæki jafnframt miklu máli.

Ræða seðlabankastjóra verður aðgengileg á síðu Viðskiptaráðs síðar í dag.

Frekari umfjöllun um fundinn má nálgast [hér](#).

Fréttir frá fundinum má m.a. sjá [hér](#)

Orkuskiptar eða tryggingagjald?

Í tengslum við nýsamþykka kjarasamninga lögðu aðilar vinnumarkaðarins ríka áhersla á að stjórnvöld endurskoðuðu áætlanir sínar um svokallaðan orkuskipt, en gert er ráð fyrir 16 ma.kr. tekjuöflun með

nýjum sköttum tengdum unhverfis-, orku og auðlindagjöldum. Sem mögulega lausn í málinu var rætt um hækkun á tryggingagjaldi atvinnurekenda sem skilað gæti samsvarandi upphæð.

Viðskiptaráð Íslands tekur undir áhyggjur aðila vinnumarkaðarins vegna væntanlegra neikvæðra áhrifa af nýjum orkusköttum. Auk þess sem vegið yrði að rekstrarforsendum ýmissa fyrirtækja sem starfa hérlandis – ekki eingöngu í stóriðju – myndi skattur af þessu tagi einnig veiga að frekari fjárfestingum í orkufrekum iðnaði hérlandis, bæði í núverandi verkefnum og nýjum. [Lesið áfram](#)

Greiðslufallstryggingarfélag & mikilvægi upplýsingaskila

Eins og kunnugt er þá hefur [samstarfshópur](#) á vegum Viðskiptaráðs, CreditInfo, fjármálastofnana og ráðuneytis unnið að því að koma á eðlilegri fyrirgreiðslu alþjóðlegra greiðsluþryggingarfélaganna gagnvart íslenskum fyrirtækjum. Tilgangur vinnunnar er sem fyrr að upplýsa forsvarsmenn félaganna um stöðu íslenskra fyrirtækja og efnahagsmála með það að markmiði að ábyrgðir verði veittar á greiðslur frá íslenskum fyrirtækjum.

Eins og kom fram í [frétt ráðsins](#) frá í sumar hefur þessi vinna skilað nokkrum árangri, en Coface ákvað að opna fyrir greiðslufallstryggingar til íslenskra félaga. Hinsvegar hafa stærstu tryggingarfélagin, Atradius og Euler Hermes, enn ekki opnað aftur á tryggingar gagnvart Íslandi og því enn nokkurt verk að vinna. Nánar verður gerð grein fyrir framgangi málsins á næstu vikum. [Lesið áfram](#)

Viðskiptaráð varar við Euro Business Guide

Viðskiptaráð vill vekja athygli aðildarfélaganna sinna sem og annarra íslenskra fyrirtækja á fjölpóstum frá erlendum fyrirtækjum á borð við Euro Business Guide. Viðskiptahættir þessara aðila eru einkar vafasamir og ganga þannig fyrir sig að fyrirtækjum er sendur tölvupóstur þar sem þau eru hvött til að skrá sig á tiltekna fyrirtækjalista á vefnum, sjá [hér](#). Gefið er til kynna að skráning sé án endurgjalds en í smáa letrinu kemur fram að viðkomandi sé að skrá fyrirtækið til þriggja ára og þurfi fyrir það að greiða 990 evrur árlega. [Lesið áfram](#)

Bjartsýni í vikulok

Í ljósi mikils vægis neikvæðra fréttu undanfarnar vikur og mánuði er ekki úr vegi að minna á það sem vel gengur. Viðskiptaráð mun því endrum og eins draga saman það helsta sem telst til jákvæðra fréttu, stórra sem smárra, innlendra sem erlendra. Hér er eingöngu um stutta samantekt að ræða, sem eingöngu hefur þann tilgang að minna á að þrátt fyrir erfitt efnahagsástand hérlandis og erlendis er margt á réttri leið og því má ekki gleyma. Það er von Viðskiptaráðs að áður en um of langt líður horfi til betri vegar og samantekt af þessu tagi verði óþörf.

- **Seðlabankinn hóf afléttingu gjaldeyrishafta um síðustu helgi og opnaði fyrir flæði erlends gjaldeyris til landsins** sem er mikilvægt skref í endurreisn atvinnulífsins, en bankinn vinnur jafnframt að úrslausn á krónubréfavandanum við Seðlabankann í Lúxemborg.
- **Tölvuleikjafyrirtækið CCP ætlar að fjölga starfsmönnum sínum um ríflega 150 á næstu 12-18 mánuðum** og mun fyrirtækið reyna að ráða stóran hluta þeirra á Íslandi.
- **Framleiðsluaukning varð á evrusvæðinu í fyrsta skipti síðan í maí í fyrra** sem treystir vonir um að efnahagur evrulandanna sé að batna á síðasta fjórðungi ársins. Þá gerir framkvæmdastjórn ESB ráð fyrir 0,7% hagvexti á evrusvæðinu á næsta ári, en fyrri spár gerðu ráð fyrir 0,1% samdrætti.

- **Vöruskipti voru hagstæð um ríflega 16 ma. kr. í október** skv. bráðarbirgðartölum Hagstofunnar
- **Hlutir fyrir 3,6 ma. kr. seldust í velheppnuðu hlutabréfaútboði Össurar**, sem ber vott um að áhugi erlendra fjárfesta á íslensku atvinnulífi sé að glæðast.
- **Erlend fyrirtæki halda áfram að skila af sér jákvæðum uppgjörum** fyrir þriðja ársfjórðung, en þar má nefna Ford bílasmiðjurnar, Metro smásölukeðjuna í Þýskalandi, lággjaldaflugfélagið Ryanair, franska bankann BNP Paribas, **Toyota bílasmiðjurnar, FIH bankann** og flugfélagið SAS.
- **Allir samningar vegna uppbyggingu fyrsta áfanga álversins í Helguvík eru frágengnir**, sem flýtir eflaust fyrir langþráðri atvinnusköpun.
- **Handbært fé bandarískra fyrirtækja hefur aukist verulega á undanförnum ársfjórðungum** og hefur ekki verið meira í 40 ár skv. Wall Street Journal.
- Skuldatriyggingarálag á ríkissjóð hefur lækkað undanfarna daga og stendur álagið nú í um 340 punktum.
- **Líkur eru á töluverðum afgangi af þjónustujöfnuði á þriðja ársfjórðungi þessa árs**, sem gæti verið sá mesti frá því mælingar hófust árið 1990.
- **Um 150 störf hafa skapast innan frumkvöðlasetra Nýsköpunarmiðstöðvar Íslands**, en áttunda setur miðstöðvarinnar var opnað í vikunni.
- **Peningastefnunefnd Seðlabankans lækkaði í gær stýrivexti úr 12% í 11% og vexti á viðskiptareikningum innlánsstofnana úr 9,5% í 9,0%**, sem er vonandi vísir að frekari lækkunum í náinni framtíð.
- **Þó nokkur íslensk fyrirtæki eru að gera það gott þessa dagana**, en þar má nefna Marel sem skilaði hagnaði á þriðja ársfjórðungi, sprotafyrirtækið HBT sem hyggur á útrás með vöru sem dregur úr eldsneytisnotkun fiskiskipa og fyrirtækin Practical og Hilton Reykjavík Nordica sem hlutu alþjóðleg verðlaun ferðaþjónustu- og viðburðarfyrirtækja.
- **Ísland er efst á listanum yfir hagstæðustu og bestu staðina til að ferðast til** skv. nýrri útgáfu bókarinnar Lonely Planet.

Góða helgi.